

INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

LÁGMÚLA 9 • SÍMI: 568 6099 • FAX: 568 6299 • PÓSTHÓLF 5172 • 125 REYKJAVÍK
KT.: 530372-0229 • BANKI: LANDBANKI ÍSLANDS 139-26-4700

Alþingi
Erindi nr. þ 125/1721
komudagur 26. 4. 2000

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. apríl 2000

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971, með síðari breytingum. 545. mál þskj. 847.

Í bréfi yðar dags. 13. apríl 2000 hafið þér óskað umsagnar Innheimtustofnunar sveitarfélaga um frumvarpið.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið er nauðsyn lagabreytingar á l. nr. 54/1971 rökstudd á greinargóðan hátt og er litlu við það að bæta.


Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 254/1999 var gamalli lagatúlkun, þess efnis, að fyrning næði ekki til barnsmeðlaga hafnað, en 4ra ára fyrningarfrestur skyldi gilda.

Þetta taldi stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga óviðunandi og er því frumvarpinu fagnað og þess óskað að það verði að lögum hið fyrsta. Réttaráhrifin verða einkum þau, að meðlagskröfur á hendur barnsfeðrum, þeirra er bráðabirgðameðlög hafa verið greidd vegna þ.e. vegna barna þeirra hjá Tryggingastofnun ríkisins og umboðum hennar glatast ekki vegna fyrningar eins og ella hefði orðið. En alkunna er, að málaferli í barnsfaðernismálum, þar sem meintur barnsfaðir grípur til varna og hleypur síðan úr landi geta dregist svo árum skiptir. Þá má geta þess, að innheimta meðlaga er oft mjög örðug gagnvart meðlagsskuldurum, sem eru á sífelldu flakki hér heima og erlendis. Norðurlandasamningur er í gildi gagnvart þeim sem þar dvelja og tiltölulega auðvelt er að nálgast þá skuldara. En Íslendingar eru í öllum heimsálfum við nám og störf. Þá er ávallt töluverður hópur á flækingi. Er það afleitt, að sveitarfélögin tapi fjármunum vegna þessa, sem svo kallar á hærri framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga því Tryggingastofnun fær útlögð meðlög greidd reglulega eins og kunnugt er. Margir þessara manna skila sér heim innan tíu ára. Þess eru þó fjölmörg dæmi að menn komi til landsins eftir áratugi í útlöndum og krefjast örorkulífeyris eða ellilífeyris á Íslandi. Þeir menn munu fá fyrnd meðlög sem gjöf við komuna til landsins. Frumvarpið ef að lögum

verður mun því draga úr tjóni Innheimtustofnunar sveitarfélaga. En síðast en ekki síst mun réttarbótin auðvelda starfsmönnum Innheimtustofnunar sveitarfélaga það verk að halda utan um kröfueign stofnunarinnar til þess að peningar tapist ekki.

Virðingarfyllst,

Innheimtustofnun sveitarfélaga


Hilmar Björgvinsson